

**Ársfundur Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands 2018**  
**Félagsheimili Bolungarvíkur, kl. 13.00-16.30, 11. apríl 2018.**

Bæjarstjóri Bolungarvíkurkaupstaðar, ágætu gestir og samstarfsfólk.

Það er mér bæði heiður og ánægja að ávarpa ársfund Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands að þessu sinni.

Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands var sett á fót upp úr síðustu aldamótum og fyrsta rannsóknasetrið hóf starfsemi á Höfn í Hornafirði í nóvember 2001 með einum starfsmanni. Nú er svo komið að rannsóknasetrin eru átta á tíu starfsstöðvum um landið og við þau störfuðu á síðasta ári 37 starfsmenn, 21 starfandi allt árið og þar af 15 í fullu starfi.

Í nóvember sl. voru tíu ár síðan að Rannsóknasetur Háskóla Íslands hóf starfsemi sína í Bolungarvík. Á þessum tímamótum er því vel við hæfi að halda ársfund Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands á Bolungarvík. Nú starfa við rannsóknasetrið á Bolungarvík þrír starfsmenn, forstöðumaður, sérfræðingur og doktorsnemi sem jafnframt er aðstoðarmaður við rannsóknir. Á vegum setursins hafa á þessum tíu árum verið unnin fjölbreytt rannsóknaverkefni sem flest tengjast haf- og strandsvæðum og áhersla lögð á rannsóknir á sjávarnytjum, einkum hvalveiðum og fiskistofnum. Á eftir fæst með fyrirlestri Guðbjargar Ástu Ólafsdóttur, forstöðumanns rannsóknasetursins, betri innsýn inn í sum þeirra. Fjöldmargir nemendur hafa unnið lokaverkefni sín á vettvangi setursins og þá hafa mörg verkefnanna verið unnin í samstarfi við aðrar þekkingarstofnanir á svæðinu eins og Náttúrustofu Vestfjarða, Háskólasetur Vestfjarða, útibú Hafrannsóknastofnunar og sjávarútvegsfyrirtæki svo einhverjir séu nefndir. Til þessara verkefna hefur starfsfólk rannsóknasetursins aflað styrkja og þannig getað eflt starfsemina, fjölgað fólki og gefið framhaldsnemum tækifæri til að vinna sína lokaverkefni í nálægð við rannsóknaviðfangsefnið hvort sem það hefur verið á sviði líffræði, vistfræði eða fornleifafræði. Verkefnin, *“Allen die willen naa Island gaan”*, Verslun og hvalveiðar Hollendinga á Íslandi á 17. og 18.

öld, og *CodStory*, hafa til að mynda verið styrk af Rannsóknajóði Vísinda- og tækniráðs. Ég nefni þetta sem dæmi því árangur sjóðasóknar starfsfólks rannsóknasetranna er ekki sjálfgefinn. Hann er afrakstur áralangrar vinnu og einurðar við rannsóknir og skrif styrkumsókna í afar harðri innlendri og erlendri samkeppni. Ég óska þessu vísindafólki okkar hjartanlega til hamingju með þennan árangur. Styrkveitingarnar eru til marks um gæði rannsóknastarfs rannsóknasetra Háskóla Íslands á landsbyggðinni og þá möguleika sem í starfsemi þeirra búa.

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum er að mínu mati dæmi um vel heppnað framtak Háskóla Íslands í samvinnu við ríkisvaldið og heimamenn. Það gleður mig mjög að sjá að í þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun árin 2018 til 2024 er sérstaklega talað um að styrkja eigi rannsókn- og vísindastarfsemi á landsbyggðinni með eflingu þekkingar- og rannsóknasetra sem starfa víða um land.

Samningur mennta- og menningarmálaráðuneytis og Háskóla Íslands um starf Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands frá árinu 2013 reyndist starfseminni gríðarlega mikilvægur. Ég vil þakka mennta- og menningarmálaráðherra sem og ráðuneytinu fyrir stuðning og skilning á mikilvægi starfsemi rannsóknasetranna um land allt. Viðræður um endurnýjun samningsins standa yfir og berum við nokkrar væntingar til þeirra. Í stefnu Stofnunar rannsóknasetra er eitt markmiðanna að fjölga föstu starfsfólki, sérstaklega á þeim rannsóknasetrum sem enn hafa einn fastan starfsmann, og vonandi verða stigin skref í þá átt á næsta ári.

Auk framlags hins opinbera leggur Háskóli Íslands stofnuninni til fjármagn af fjárveitingu sinni og þá eru sértekjur verulegur hluti af heildartekjum stofnunarinnar. Sérstaklega er ánægjulegt að sjá erlendar sértekjur hennar aukast.

Stuðningur einstakra sveitarfélaga er setrunum einnig mikilvægur og vil ég þakka bæjarstjórn Bolungarvíkurkaupstaðar, Skagastrandar, Hornafjarðar, Fljótsdalshéraðs og Norðurlands fyrir þeirra velvilja og stuðning við rekstur rannsóknasetra Háskóla Íslands á hverjum stað.

Um þessar mundir er auglýst eftir forstöðumanni Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Austurlandi en með ráðningu forstöðumanns á Austurlandi komum við á ný í gang rekstri þess seturs en undanfarin þrjú ár hefur verið starfsemi á Austurlandi við rannsóknaverkefnið Maður og náttúra sem rekið hefur verið undir hatti Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands.

Kæru ársfundargestir.

Í stefnu Háskóla Íslands, Öflugur háskóli – farsælt samfélag, eru skilgreind markmið háskólans til næstu ára. Meðal markmiðanna er að efla starfsemi rannsóknasetra Háskóla Íslands á landsbyggðinni og að starf þeirra verði betur samþætt við fræðasvið og deildir skólans. Ég veit að viðræður eru í gangi á milli Stofnunar rannsóknasetra og einstakra deilda skólans og vona að þær klárast farsælega með niðurstöðu á þessu ári.

Það er mat mitt að rannsóknasetur Háskóla Íslands hafa sannað gildi sitt við eflingu rannsókna og háskóla- og atvinnustarfsemi á landsbyggðinni og sem mikilvægur þáttur í að auka tengsl Háskólans víða um land. Með starfsemi rannsóknasetranna vill Háskóli Íslands leggja sitt af mörkum við þróun fjölbreytts atvinnulífs og mannlífs og tryggja að þekkingarsamfélög og rannsóknastarf byggist upp um landið. Samstarf rannsóknasetranna við sveitarfélög, fyrirtæki, náttúrustofur, þekkingarsetur, aðra háskóla, aðrar stofnanir og einstaklinga er þeim afar mikilvægt og það er ánægjulegt að fulltrúar margra þessara aðila eru saman komnir á fundinum í dag.

Að lokum langar mig færa öllu starfsfólki Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands og ráðgefandi nefnd stofnunarinnar kærar þakkir fyrir þeirra góða starf á liðnu ári, um leið og ég óska ykkur alls hins besta á nýju starfsári.